

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga  
Magnhildur Pétursdóttir  
Litlubrú 2  
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík, 23. maí 2013  
Tilvísun: UST20130500017/mik

### **Efni: Leyfi fyrir uppsetningu örbylgjusendis á Kjarrdalsheiði, Lónsöræfi**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi frá Magnhildi Pétursdóttur fyrir hönd Ferðafélags Austur-Skaftfellinga dagsett 28. apríl 2013 vegna leyfis fyrir uppsetningu örbylgjusendis á Kjarrdalsheiði.

Kjarrdalsheiði er innan friðlandsins Lónsöræfa. Lónsöræfi eru friðlýst sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 31/1977. Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Óskað er eftir því að fá að setja upp örbylgjusendi og litla vindrafstöð á Kjarrdalsheiði í landi Brekku og Stafafells í Lóni. Ekki er hægt að segja til um nákvæma staðsetningu en líklegast í námunda við hnitin 64°32'6,87"N 15°7'36,40"W. Nánari staðsetning liggur fyrir þegar búnaðurinn er komin á staðinn. Vegurinn inn á Lónsöræfi er nálægt þessum hnitum og því engin ástæða til utanvegaaksturs vegna framkvæmdanna. Festingar verða útbúnar úr 4" járnörum sem soðnar verða á járnundirstöður sem boltaðar verða á klappir á svæðinu. Hlaðið verður grjót að undirstöðunum og þær stagaðar með hliðarstöfum. Hæð mannvirkisins er 2-2,5 metrar. Ferðafélag Austur-Skaftfellinga mun bera ábyrgð á mannvirkinu og mun fjarlægja það ef þess gerist ekki þörf lengur.


Framkvæmdir við verkið munu hefjast um leið og vegurinn opnast í vor. Sigurður Harðarsson rafeindarvirki hjá Radio ehf. Íslensk fjarskipti mun annast uppsetningu tækja og fjarskiptabúnaðar. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð.


Það er mat Umhverfisstofnunar að þar sem sendirinn verður staðsettur í nágrenni við veg þá verði minni ný landlagsáhrif en ella. Umhverfisstofnu heimilar því fyrir sitt leiti ofangreinda framkvæmd með eftirfarandi skilyrðum.

- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávik á ofangreindri verklýsingu.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að framkvæmdarleyfi þarf frá sveitarfélaginu fyrir verkefninu.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri



Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur

**Afrit:** Vatnajökulspjóðgarður, Regína Hreinsdóttir, Skaftafell, 785 Örafi

